


Atsuhito Sekiguchi er höfundur þessa verks frá árinu 1986, Draumur í blundi er undirtitill þess.


Töfrar efnis og tíma

Á Kjarvalsstöðum hangir nú uppi viðamikil myndlistarsýning tólf japanskra myndlistarmanna. Gunnar Kvaran, forstöðumaður safnsins, var að því spurður hvort það hefði eitthvað uppá sig að sýna Íslendingum japanska myndlist.

– Í fyrsta lagi þá eru þetta menningarsamskipti, sagði Gunnar. Árið 1987 var haldin í Japan gífurlega mikil kynning á norrænni menningu. Það voru myndlistarsýningar, tónleikar og margt fleira og þetta er svar Japananna. Þessi sýning fer um öll Norðurlönd og er algjörlega fjármögnuð af Sezon-safninu í Tokyo. Þetta menningarsamband við Japan er auðvitað tvíþætt.

Hefðbundin japönsk list hefur sinn aldagamla sess í Japan. Í lok 19. aldar þegar Japan opnaðist þá jukust menningartengslin milli Evrópubúa og Japana. Frá þeim tíma er hægt að tala um gagnkvæm áhrif í myndlist þessara heimshluta. Evrópumenn sóttu þó meira til Japana þarna í lok nítjándu aldar. Það var tvennt sem gerðist. Í fyrsta lagi þá gerir borgaralegt samfélag Evrópu sér grein fyrir því að það er ekki handhafi hins eina sannleika í menningarmálum. Þá átta menn sig á því að hægt er að nota margar aðferðir til þess að búa til myndlist. Sjá þeir meðal annars að til er eitthvað sem heitir japönsk list og lýtur allt öðrum lögmálum en evrópsk list, hefur allt aðrar viðmiðanir, byggir á allt öðrum stærðfræðilegum forsendum en evrópsk list. Það rennur í stuttu máli sagt upp fyrir mönnum á þessu tímabili að myndlistin hefur í raun og veru sín eigin innri lögmál sem eru algerlega óháð veruleikanum. Áhrifin má til dæmis sjá í verkum Gauguin og van Gogh. Og það er ekki bara hjá þeim, heldur hafði þetta víðtæk áhrif á myndmál á þessum tíma, bæði á impressjónista og expressjónista. Síðan gerist það að Japanir eru að koma til Parísar og taka upp þar myndmál, en umbreyta því eftir sínum menningarlegu forsendum og mála myndir sem eru kannski hvorki evrópskar né japanskar og má segja að séu ný vídd í listasögunni.

Stærsta skrefið er samt eftir seinni heimstyrjöldina, og sýningin sem hangir uppi á Kjarvalsstöðum er eiginlega afrakstur af því sem hefur verið að gerast eftir 1945. Það leynir sér ekki að tvenns konar listhefð lifir samhliða í Japan. Í fyrsta lagi heldur gamla japanska myndlistarhefðin sínu striki. Hún breytist lítið, en þróast jafnt og þétt og innan hennar má greina bæði einstaka myndlistarmenn og stefnur.



Uppsetning verks Kazumis Nakamuras, sem hann færði Kjarvalsstöðum að gjöf í tilefni sýningarinnar. Myndir: Jim Smart.

Í öðru lagi þá mynda áhrifin frá Evrópu sérstaka hefð eftir síðari heimstyrjöld. Stór hluti af þessum framsæknu ungu listamönnum tileinkar sér myndmál frá Vesturlöndum og það er meðvitað. Þeir tileinka sér fyrst og fremst abstraktmálverkið sem verður fyrirferðarmikið í Japan á sjötta áratugnum. Það er svolítið skemmtilegt að þeir skuli vera svona áfjáðir í að tileinka sér abstraktmálverkið í Evrópu sem á reyndar uppruna sinn að miklu leyti í Japan. Abstraktmálararnir sem voru að „finna upp“ abstraktmálverkið sóttu að sjálfsögðu áhrif til Afríku og Indlands, en þó sérstaklega til japönsku kalígrafíunnar. Þeir urðu innblásnir af henni og tengdu hana inn í sitt myndmál, og svo þegar Japanirnir koma til Evrópu er það gefandi fyrir þá að sjá hvernig þar er farið með þeirra menningararf. Frá og með þessum tíma hafa Japanir verið í stöðugu sambandi við Evrópu og Bandaríkin m.a. og tileinkað sér ólíkar myndgerðir sem þeir síðan vinna úr heimavið. Þetta er mjög svipað því sem gerist hér heima á Íslandi. Við getum ekki talað um að þeir séu með tiltekna japanska list. Við getum heldur ekki sagt að Íslendingar eigi einhverja alveg sérstaka íslenska myndlist. Það er hvorki hægt að segja að Íslendingar né Japanir hafi fundið upp eitthvert tiltekið myndmál. Við fundum ekki upp „abstraktið“, við fundum ekki upp „conseptið“, við fundum ekki upp „minimalismann“, við fundum ekki upp „poppið“, en íslenskir myndlistarmenn hafa tileinkað sér allt þetta eins og Japanirnir. Það sem gerist er tvennt: Annars vegar er persónulegt mat listamannsins og úrvinnsla hans á því sem til hans berst, en hins vegar er nokkuð sem listamaðurinn ræður lítið við en liggur djúpt í okkur öllum og það er menningararfleifðin. Þegar við horfum á þessi verk þá getum við sagt sem svo að þau minni á eitthvað sem við höfum séð áður, eins og til dæmis abstraktlist, en að baki glittir alls staðar í japanska hefð og menningu sem á einhverju augnabliki hefur gripið fram fyrir hendur listamannsins og látið til sín taka. Þess vegna virkar þessi sýning „evrópsk“ við fyrstu sýn, þetta er myndmál sem við þekkjum frá Evrópu, en þegar betur er að gáð þá búa allar þessar myndir yfir einhverri nýrri vídd.



Kaoru Hirabayashi heitir japanska listakonan sem sýnir þetta verk og fleiri ásamt ellefu löndum sínum að Kjarvalsstöðum.



Ein dætra listasögunnar, Prinsessa B. kallast þetta verk Yasumasa Morimura frá síðasta ári. Hann setur andlit sitt inn í fræg verk listasögunnar.

Nú er rétt að undirstrika að þessir tólf listamenn eiga að gefa breiða mynd af því sem er að gerast í japanskri samtímalist. Þeir eru mismunandi gamlir og þeir vinna með ýmis konar myndmál. Þó má segja að tvennt tengi þá flesta. Óhlutlægt myndmál er fyrirferðarmest hér og inni í þessu óhlutlæga myndmáli hefur efnisvirknin gífurlega mikla þýðingu. Efnið og umbreyting þess í eitthvað annað, fá ákveðna merkingu.

– Er þessi áhersla á efnið sprottin af þrá eftir óspilltri náttúru?

– Slíkra spurninga hlýtur maður að spyrja. Þetta snýst að minnsta kosti greinilega um tengsl við náttúruna. Eitt af stærstu fyrirbærum náttúrunnar er tíminn og öll þessi verk tengjast tímanum meira eða minna. Við getum tekið til dæmis trjábolina sem velt er upp úr tjöru og síðan kveikt í, það er ákveðinn tími í verkinu, umbreyting úr einu ástandi yfir í annað. Á endaveggnum í vestursalnum eru verk sem hafa gengið gegnum eldingarmeðferð svo að þau líta út fyrir að vera forgömul. Frammi á gangi er verk sem heitir Dýraslóðir, þar sem verkið fjallar eiginlega frekar um ástand en að það sé mynd af einhverju sérstöku. Í það eru rist ummerki um ferðir sem dýrin hafa farið og það eru ummerki um tíma sem er liðinn. Þetta finnst mér ganga eins og rauður þráður í gegnum þessa sýningu.

Sjálfsmyndirnar tvær sem hanga frammi eru ljósmyndir til að byrja með. Þetta er andlit myndlistarmannsins sem setur sjálfan sig inn í ákveðið listasögudæmi. Hann er með þessu að vitna í spænska málarann Velásquez. Tæknin við gerð þessara mynda er gríðarlega flókin. Jafnframt er þarna sjálfsmynd með tilvísun í mismunandi tímabil listasögunnar.

-kj